Ólafur Pálsson
Prjedikun

252
Óla

PRÈDIKUN,


Í REYKJAVÍKUR DÓMKIRKJU,

Á NÝÁRSDAG

1858.

EPTIR

ÓLAF PÁLSSON,
PRÓFAST Í KJALARNESSþINGI
OG DÓMKIRKJUPREST.



97429

REYKJAVÍK.
PRENTUÐ Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS, E. þÓRÐARSON.
1858.

Eilífi, óumbreytanlegi Guð! vorir dagar eru í þinni hendi og þú hefir talið vor höfuðhár. Enn á ný hefir þín milda forsjón leitt oss áfram um einn árstíma, fært oss nær enda tímans, nær dauða vorum og eilífðinni. Þú einn, Drottinn! veizt það, hversu ósegjanlega mikið oss skortir, þegar vèr nú skulum standa þèr og samvizku vorri reikning af brúkun hins umliðna árs. Vèr könnumst við veikleik vorn, en þú einn ransakar og þekkir að fullu hjörtun, og einnig það í dagfari voru, sem dulizt getur fyrir oss sjálfum; allt hvað oss hefir yfirsèzt, það er öndvert fyrir þínu alskygnu auga: stundirnar sem í gáleysi er eytt, velgjörðirnar, sem þankalaust eru meðteknar. Með blygðun og angri komum vèr fyrir þitt auglit, og biðjum að þú gjörir ekki við oss eptir tilverknaði vorum ekki framvegis sviptir af oss þinni mildu hendi, sem föðurlega leiddi oss allt fram að þessum degi; heldur að þú hèr eptir, eins og hingað til blessir og farsælir þær lífsins stundir, sem vèr kunnum eptir að eiga. Upplýs oss, að vèr fáum rèttilega talið og brúkað vor æfiár og daga, og oss til fullkomnunar nemum þann vísdóm, sem hin liðna og nálæga tíðin færir frá þèr. Svo vèr jafnan, á ókominni tíð, fáum í gegnum forgengilegleika þessa lífs hafið vora trúar- og vonarsjón til óforgengilegs, eilífs lífs með þèr. Amen!

Árið er liðið, með öllum þess fljótu breytingum, öllum þess raunum og hverfulu glaðværðum. Straumur tímans, sem aldrei nemur staðar, hefir flutt oss fram á nýtt skeiðrúm lífsins, og það mun aptur með

sama hætti líða, þar til að lyktum eilífðin tekur við. Að vísu lítur það svo út, sem tímanna rás sífelt gangi i hring, og hvert árið þannig yngist upp aptur. En vort líf, það er samt sem áður einn og hinn sami straumur, sem aldrei fær runnið upp aptur. Það hefir einungis eitt vor og sumarið kemur óðfluga þar á eptir, og þar næst ellinnar og dauðans vetur. Og þó vèr skiptum lífstíð vorri í ár, mánuði og daga, þá reka þessar stundir hver aðra með óttalegum hraða, sem fyrir öllum hefir einn og hinn sama endir.

Flestir gæta þessa of lítið og meðhöndla þannig hina alvarlegustu hluti, eins og væru þeir gamanspil. Áraskiptanna er minnzt með fánýtum glaðværðum, hinni fyrstu stundu hins nýja árs fagnað með meiningarlitlum lukkuóskum. Hinn þankalausi lætur þannig berast með straumnum og hefir enga aðra vissu fyrir farsælli vegferð framvegis, en sínar endalausar óskir og það fánýta traust, að hversu sem hann sjálfur er aðgjörðalaus, þá muni samt allt gott tilleggjast. Hinn vitri þar á móti, sem telur sína daga, hinn sannkristni nemur staðar við áraskiptin með alvarlegum hugsunum, til þess að taka bendingum Drottins, og til þess með guðrækilegu afli að styðjast æ betur við hans hjálparhönd; — og þó hann ekki geti boðið straumi tímans að nema staðar eða snúa við aptur, þá er þetta það sem leiðir hann farsællega að því takmarki, sem honum er ætlað að ná. Nokkuð af þessum dýrmæta vís-

dómi viljum vèr innræta oss á þessum ársins fyrsta degi, í því vèr í Drottins nafni tökum það til yfirvegunar, hvernig vèr megum ekki gleyma hinni umliðnu tíð, ef oss á vel að vegna á þeirri, sem fer i hönd. Til þess aðstoði oss góður Guð í Jesú nafni.

Gleymum ekki þeirri tíðinni, sem liðin er. Það er sú lífsregla, sem vèr viljum innræta oss í hjörtum, og það varðar miklu, að hún sè geymd. Að hugsa og breyta svo, eins og jafnvel nokkur hin styzta stund, sem forsjón Guðs hefir þegar látið oss aflifa, eigi að vera eins og hinn hjáliðni draumur, sem þegar er gleymdur, það væri hið sama sem að segja, að Guð hefði forgefins gefið þá náðartíð. Eins og þetta stundlega líf er fyrir það mikilsvert, að annað fullkomnara og æðra fylgir á eptir því, svo er og hver stundin, sem með sinni reynslu býr oss undir hina, sem kemur á eptir, mikil náðargjöf Guðs, mikilsverð fyrir það síðasta og æðsta takmark, sem oss er ætlað að ná.

Þar fyrir gleymum ekki því, sem liðið er; það sameinar oss Guði með elsku og þakklæti, og aldrei getur á vorum lífsvegi verið nein sönn sæla eður velvegnun, nema sú, sem vèr öðlumst og njótum í honum. Hver sem í huganum lítur til baka yfir eitt umliðið lífsíns ár, þá minnir það hann jafnan á margfaldar ástgjafir Guðs. Jafnvel sá, sem bjó

við hin bágustu kjör, hlýtur á óteljanlega vegu að kannast við, hvernig Guðs milda hönd var npplokin til þess að útbýta honum allskonar blessun til lífs og sálar, til að geyma hann og vernda. En hvað er það þá ekki, sem hinir mörgu hafa að minnast, sem á hinni liðnu árstið lifðu við allskonar hagsæld og gleði? Hvernig sem ársins reynsla var, þá gildir eitt og hið sama um alla, að það var margt og mikið, sem þeir nutu, og einginn hefir neitt, að hann hafi það ekki þegið. En ólikt hagar því víst með mörgum hætti, þegar hver lítur í sinn eiginn barm og gætir hins, hvernig hann þáði af hendi Guðs og færði sèr til nota allt það, sem honum veittist. Þú ert hèr má ske staddur á þessum ársins fyrsta degi, sem, þegar þú i huga þínum fer yfir hið liðna blessaða ár, hlýtur með blygðun að kannast við, að þú opt og tíðum hefir með kaldsinni snúið þèr frá þeirri hendi, sem færði þèr svo margt og mikið gott. Þú tókst við því eins og með sjálfskyldu og án þess að kannast við, að það var Guðs náðargjöf, sem átti að færa þig nær honum með þakklætinu, sem gefur honum dýrðina, með elskunni til hans, sem óverðskuldað elskar þig, elskunni, sem helgar svo allt þitt líf, að það er velþóknanlegt fyrir honum. En hvernig sem þú má ske nú mátt áfella þig sjálfan fyrir þetta, þá gleymdu samt ekki þeirri liðnu tíð, sem minnir þig á það. Hafir þú ekki á hinum liðnu dögum gjört þá reynslu, þá gjörir þú hana víst nú með sjálfum þèr, að

mjög mikið skorti til þess, að þú fyrir Guðs meðtekið lán værir svo sæll, sem hann af náð sinni og gæzku hafði til ætlað; því þú kunnir ekki að þiggja það með því hugarfari sem þèr bar. En þá skaltú muna til ársins, sem leið í burtu og færði þèr svo mörg gæði, án þess það yrði þèr að fullum notum, einmitt til þess, að þú á hinni ókomnu tíð kunnir að verða sannfarsæll fyrir Guðs veitta lán; að þú endurkaupir þá liðnu daga með því, að fyrir hvað eitt, sem þú hèr eptir, eins og hingað til óverðskuldað kannt að þiggja af Drottni, minnist þú þakklátur við hans hönd, og offrir honum elskutilfinningum hjartans. Guði, sem veitir allt hið góða, er einnig fyrir það að þakka, að margur, þegar hann þannig lítur til hins umliðna árs, hefir einnig á þær stundir að minnast, er hann var sæll, já, margfaldlega sæll fyrir Guðs gjafir, af því hann meðtók þær, hvert þær voru meiri eða minni, með hinu barnlega, þakkláta hugarfari; þær voru honum jafnan ný hvöt til þess að kannast við og játa, að allt hvað hann er, það er hann af Guði; hann nýtur engrar sælu, nè hefir hennar að vænta annarstaðar að en frá honum; og þetta auðmjúka hjartalag, það var hans upphefð fyrir Guði og til Guðs. Það er þetta hugarfar, kristni maður! sem á öllum þínum æfistundum gjörir þig því fremur sælan, sem góður Guð leggur meira til, til þess að efla þína farsæld. Æ, gleymdu því engri þeirri stundu, sem þèr veittist náð til að finna og reyna þetta. End-

urminning liðna tímans innræti þèr það stöðugt, að kappkosta af öllu megni að lifa upp aptur, sem flestar þvílíkar sælustundir; því á þeim getur þú með sanni sagt, að þú lifir og hrærist í Guði. Og verði þèr þetta innrættara en áður, fyrir það, að þú mundir til hinna liðnu stunda, þá er þeim varið fyrir þína sanna farsæld á ókominni tíð.

Gleymum ekki hinni umliðnu tíð; því að minnast hennar, það leiðir til vorrar sönnu yfirbótar, til apturhvarfsins til vorrar sáluhjálpar. Hið umliðna ár minnir alla á eitt og hið sama, þótt suma meir, en suma minna, en það er: á margfaldar yfirsjónir og bresti, á syndir í þönkum, orðum og verkum. Það hefir enn á ný fært hverjum og einum þá sömu reynslu, sem allar hans liðnar lífsstundir, þá reynslu, sem sannar hvernig hann er undir syndina seldur. Tímaskiptin með þeirra alvarlegu bendingum minna jafnan á, hversu lífsins óvissa náðartíð líður óðfluga til enda, og einnig á hitt, hve mikið að vantað hefir á, að hún væri notuð eins og skyldi. En, til hvers skal þá sú endurminning vakin í hjörtum vorum? Til þess og einkis annars, að hún geymist þar og hræri hvern einn til angurs og trega fyrir sína synd. Tíðin, sem eytt er án þess enn nú að hafa gjört sanna yfirbót, hún kemur að vísu aldrei aptur; en hvað á þá að bæta það tjón, ef það er ekki einmitt þetta, að muna til hennar og láta það knýja sig til, með iðrunartárum að hverfa að fótum hins móðgaða föðurs og biðja um náð og

miskun. Já, gleym þú því aldrei, syndugur maður! að þannig liggur ávalt hið fyrsta spor af sáluhjálparvegi þínum, og minningin um bresti þína á liðinni tíð, bendir til, að þú skulir hraða þèr að stíga það, á meðan enn nú er náðartíð. Þó það má ske megi segja, að til lítils sè burt sóað hverju því æfiári þinu, sem þetta hefir dregizt undan, þá er hitt aldrei til forgefins, að minnast þess, sem liðið er; já, það er þinn sanni farsældarvegur, að þú fyrir það snúir þèr til Drottins og leitir hans á meðan hann er að finna. Getur þu kosið þèr nokkra meiri sælu á hinum ókomnu æfistundum, en þá, sem veitist syndugum manni, þegar hann, eins og hinn tapaði sonur, er aptur meðtekinn á náðararma síns himneska föðurs? Þú hlýtur nú má ske að segja skilið við hið liðna ár með endurminningunni um það, hversu opt þú hingað til hefir vikið af Guðs vegum og óhlýðnazt við hans heilög boð, opt látið eigin synduga tilhneigingu ráða fyrir breytni þinni fram yfir þau; þú kannast nú við það, að viljinn til hins góða var einatt ekki hreinn eða stöðugur hjá þèr, sinnið var gálaust og hvikult, og því hlauzt þú svo opt að falla fyrir árásum freistinganna; — og þannig ryfjast nú upp fyrir þankanum alltènd mörg sú syndin, sem af breyskleika var drýgð. Það er enginn, og ekki einn af oss syndugum mönnum, sem ekki hljóti meira eður minna að verða var við þetta, og með blygðun fyrir Guði og eigin samvizku mega allir líta til baka til hinna liðnu daga. En gætum

þess þá í Drottins nafni, að minningin um það sè til þess og einkis annars, að vèr með nýju ári göngum fyrir Guði með sannri iðrun og yfirbót; hún styrki oss í því áformi, hèr eptir að búast alvepni Guðs, og í hans krapti að stríða við hverja þá freistni, sem hingað til hefir ollað oss mestrar hættu; hún kenni og innræti það, sem að þessu var vanrækt, að halda sèr stöðugt við hans hjálpar- og verndarhönd, sem ein getur varðveitt frá hrösun og stutt, þegar vèr viljum skeika. Já, að gleyma ekki því, sem liðið er, það er og á með þessum hætti að vera til þess, að varðveita oss, hvern fyrir sig, stöðuga á vorum sáluhjálparvegi; og hver sá er sæll, sem ekki skeikar eða lætur villast af honum. En eins og áraskiptin minna hvern fyrir sig á það, sem hingað til hefir brostið, þá þökkum það Guði, að flestir munu einnig hafa að minnast á sælurík augnablik og stundir hins liðna árs. En það voru þær stundir, er hann lifði, þegar honum gafst náð og kraptur af Guði til þess að yfirvinna freistinguna til syndar, til að varðveita sig flekklausan af heimi þessum, hvernig sem hann vildi lokka og tæla; hann hefir þó að minnast á nokkuð af þeim verkunum, sem í Guði voru gjörð, og sem í hverri lífsins stöðu eru eins mikils verð, þegar þau einungis eru gjörð af hreinum kærleika, af elsku til guðs og barnlegri hlýðni við hans vilja og boð. Og hafir þú, kristni bróðir! að minnast þvílíks, þá manstú einnig eptir, hver sæla og friður þá bjó í hjarta þínu.

þú fannst það og nauzt þess, eins og þeirrar dýrmætustu gjafar, sem Guð einn getur veitt; þú nauzt þess, af þvi að það var þá, að þú lifðir í honum. En hvort heldur hann hèr eptir sparar þig lengur eða skemur, þá gleymdú aldrei þessum blessuðu stundum; minningin um þær, hún fylgir þèr eins og engill Guðs á vegferð þinni til himinsins; hún útbýr þig með helgri löngun til þess að lifa þannig sem flestar lífsins stundir; og það er þín fullkomnasta sæla; það er hið eilífa lífið, sem hrærist hjá þèr.

Gleymum ekki hinni umliðnu tíð; því það útbýr oss með rèttri von og trausti til Guðs, sem gjörir oss sæla á ókomnum æfistundum. Og hve marga bendingu færir ekki hvert liðið lífsins ár, um það, að byggja svo vonina, að hún gjöri ekki til skammar, að grundvalla svo traustið, að það bregðist ekki. Og það er þetta, sem gjörir lífdagana rósama og farsæla, hvort þeir verða fleiri eða færri. Reynsla hins liðna ársins mun án efa minna margan á það, að hann óskaði og vonaði margra gæða, en fór í því einungis eptir skammsýni sinni; eptir sínu hvikulu hjarta, sem hneigist að lystingu og fallvöltum gæðum heimsins. En vonin brást og óskirnar rættust ekki, því Guð, sem með vísdómi og föðusgæzku stjórnar allra lífskjörum, sá honum það betra, að fara á mis við þessi ímynduð gæði. Sá sem reyndi þetta, hann gæti þess, að gleyma ekki því sem liðið er; þvi það færir honum þann

mikla lærdóm, sem á ókominni tíð veitir honum sanna farsæld, en það er, að allar sínar vonir og allar hjartans óskir feli hann undir góðan Guðs vilja og viti, að enginn er sæll nema sá, sem lætur sig leiða af honum. Og hið sama á reynsla hins liðna tímans að kenna þeim, sem má ske optast fèkk uppfylltar sínar fánýtar óskir. Þær veittust honum eptir vilja Guðs, og það gat verið til þess, að hann af reynslunni sannfærðist um, að það sem hann sjálfur hèlt fyrir mikil gæði, það var í raun rèttri lítils vert, og ekki til að efla hans sönnu farsæld. En hann er sæll fyrir þessa endurminningu, ef hún hefir kennt honum, á hinni ókomnu tíð að óska og vona þess eins, sem er eptir Guðs velþóknanlegum vilja; því það hlutskiptið er jafnan hið bezta; það gjörir hvern og einn sælan, hvort heldur meira eður minna veitist af stundlegu láni. Enn nú hið liðna ár hefir með sinni reynslu styrkt oss alla í þeirri sannfæringu, að vèr erum sjálfum oss næsta ónógir, að öll vernd og hjálp, allt áreiðanlegt traust, það kemur að síðustu frá Guði einum. Hver er sá, sem ekki hafi nóg tilefni til að minnast þessa á margfalda vegu? En, gleymi þá enginn, að Guð var sá, sem hingað til hjálpaði. Því þetta kennir honum, að grundvalla sína sanna farsæld hèr eptir, með því að fela sig gæzlu hins alvalda, trúfasta Guðs.


Árið er liðið, með allri þess reynslu, og þeir eru fleiri en einn, sem á því hafa átt sorglegar stundir. En látum ekki heldur þeim vera gleymt

og vitum, að þær einnig líðu yfir oss eptir vilja hins algóða Guðs. Já, hèr hjá oss, mínir elskuðu! hefir á því liðna ári margt húsið verið sorgarhús, mörgum sorgarinnar tárum verið úthellt, og enn nú eru þau víða ekki þornuð af þessum dauðlegum augum. Og þèr, sem hafið reynt eður reynið þvílíkt, þèr, sem grátnir hafið hlotið að apturlykja augu ástvinarins, eða með hrelldum huga að sjá yðar lífsgleði og aðstoð vera yður horfna, — yður vil eg segja: gleymið ekki heldur þessum sáru tilfinnanlegu stundum hinnar liðnu tíðar; því þær hafa fært og færa enn með sèr þá reynslu, sem fyllilega uppvegur hverja stundlega hörmung; en það er það sem þèr funduð til, þegar þèr kunnuð að dreypa á sorgabikarnum, með hinu sama hugarfari og hann, sem mestar hörmungar leið hèr á jörðu; þegar þèr í auðmýkt minntust við þá mildu föðurhönd, sem hvíldi svo þungt á yður, og gátuð upplypt yðar grátnu augum til himins og sagt: „faðir! ekki eins og eg vil, heldur eins og þú vilt“. Það er þetta hugarfar, sem minning hinna liðnu sorgarstunda á að kenna, og sæll er hver sá, sem útbúinn með því getur tekið þeim óvæntu sorgum, sem enn nú kunna að mæta honum á ókominni tíð, já, með því borið þann krossins þunga, sem enn nú kann að hvíla honum á herðum. Og Guð gefi það öllum þeim, sem sorgbitnir horfa til baka til þess, sem liðið er; hann þerri sorgartárin af þeirra augum.

Hverja reynslu, sem hin liðna tíð færði, þá

kveðjum vèr hana og tökum nýjum lífsins dögum, með þeirri þakklátu viðurkenningu, að þú, algóði Guð! varst hingað til vor mildur faðir. Í því trausti vörpum vèr oss með allri hjartans áhyggju vorri í þinn náðarfaðm. Æ, geym þú oss alla, leið þú oss við þína föðurhönd, eptir þínum blessuðum vilja. Send þú oss það, sem þèr þóknast, hvort heldur sorg eða gleði, hvort heldur líf eða dauða; en veit oss það eina, að hvað sem vèr reynum, hvort vèr lifum eða deyjum, þá sèum vèr á þínu valdi. Bænheyr það í nafni þíns sonar Jesú Krists. Amen!

Kostar 6 skildinga.


Lbs - Hbs / Þjóðdeild
100716839-3

